



Skólanámskrá

Leikskólinn Grænuvellir

2022

Efnisyfirlit

Leikskólinn Grænuvellir.....	2
Hugmyndafræði	2
Jákvæður agi.	3
John Dewey (1859-1952)	4
Skólanámskrá Grænuvalla	5
Gildi leikskólans.....	5
Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólum.....	6
Sex grunnþættir menntunar	6
Leikurinn	6
Læsi	7
Sjálfbærni	8
Sköpun	9
Heilbrigði og vellíðan	10
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti	11
Mat á námi og velferð barna.....	12
Efi -2	12
TRAS	12
MÍÓ	12
HLJÓM 2	12
Skólapúlsinn	12
Innra mat.....	13
Ytra mat.....	13
Tengsl skólastiga.	13
Viðauki 1.....	14
Hugmyndir að vinnu með grunnþættina	14
Læsi	14
Sköpun	15
Heilbrigði og velferð.....	16
Lýðræði og mannréttindi	17

Leikskólinn Grænuvellir

Leikskólinn Grænuvellir var opnaður 15. september 2007 eftir sameiningu tveggja leikskóla á Húsavík, Bestabæjar (1980-2007) og Bjarnahúss (1995-2007). Grænuvellir eru staðsettir á Torginu við lðavelli 1.

Um 140-160 börn, frá eins til sex ára, dvelja samtímis í leikskólanum á átta deildum. Þær heita Tunga, Bali, Hóll, Vilpa, Róm, Foss, Berg og Árholt og eru nefndar eftir gömlum húsum í nágrenni leikskólans.

Mikil áhersla er lögð á leikinn, útikennslu, læsi, tónlist, lýðræði og síðast en ekki síst Jákvæðan aga. Verðlaus og opinn efniviður er mikið notaður í leik og sköpun. Þar er áhersla lögð á ferlið, nálgun og vinnu barnanna á meðan á verki stendur, ekki síður en viðfangsefnið og útkomuna. Þess vegna er mikilvægt að vinnan sé í höndum barnanna.

Það er krefjandi að vinna í leikskóla og miklar kröfur eru gerðar til starfsfólks. Til að starfa á Grænuvöllum þarf fólk að búa yfir góðri hæfni í samskiptum við börn og fullorðna, hafa áhuga og fallett viðhorf til barna og áhuga á að starfa með þeim. Starfsmenn eru fyrirmynd í orði og athöfnum, þurfa að vera jákvæðir og lausnamiðaðir og tileinka sér starfsleiðirnar í skóla-, agastefnu og námskrá leikskólans.

Hugmyndafræði

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og heyrir undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla 2008 nr. 90, Aðalnámskrá leikskóla 2011, námskrá Grænuvalla 2022 og skólastefnu Norðurþings. Leikskólinn starfar samkvæmt uppeldisstefnunni Jákvæðum aga sem er þróuð af Dr. Jane Nelsen auk þess sem hann er í samhljómi við hugmyndafræði John Dewey (1859-1952).

Í takt við uppeldisstefnu leikskólans er gerð krafa um að starfsfólk sýni hvert öðru gagnkvæma virðingu, hlusti og styðji hvert annað og vinni saman að lausnum. Lögð er áhersla á góða samvinnu, vellíðan, öryggi og jafnrétti í leik og starfi. Í leikskólanum er jafnréttisáætlun og viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi sem finna má á vefsíðu skólans og í starfsmannahandbók Grænuvalla. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi eru undir engum kringumstæðum umborin.

Jákvæður agi.

Markmiðið með Jákvæðum aga er að börn læri að vera ábyrgðarfullir og lausnamiðaðir einstaklingar sem taka þátt í lýðræðissamfélagi. Jákvæður agi hvetur bæði börn og fullorðna til að umgangast hvert annað af virðingu og tillitsemi. Hver og einn á að finna að hann tilheyrir og skipti máli.

Jákvæður agi er uppeldisstefna sem byggir á sjálfsstjórnarkenningum en þær fela í sér að í stað þess að reyna að breyta hegðun barnanna með umbun og refsingu, er markmiðið að ná til innri hvata þeirra. Þannig læra börnin að gera það sem er rétt vegna þess að þau langar til þess en ekki vegna þess að þau geri ráð fyrir að fá umbun eða verðlaun fyrir að sýna góða hegðun eða breyta rétt. Refsingum er ekki beitt þegar börnin sýna óæskilega hegðun, heldur er unnið að lausn með þeim og þeim hjálpað að læra af eigin mistökum. Þannig verða þau ekki hrædd við að gera og viðurkenna mistök. Lögð er áhersla á að skoða hvað liggur á bak við hegðun í stað þess að horfa á barnið sjálft svo hægt sé að vinna með orsök og afleiðingu hegðunarinnar.

Jákvæður agi byggir á kenningum Alfred Adler (1870-1937) og Rudolf Dreikurs (1897-1972) sem voru austurrískir geðlæknar. Upphafskonur jákvæðs aga eru Jane Nelsen og Lynn Lott en fyrsta bók Nelsen—Positive Discipline eða Jákvæður agi kom út árið 1981. Síðan þá hefur mikið efni tengt uppeldisstefnunni verið gefið út á fjölmörgum tungumálum og sífellt fleiri rannsóknir verið gerðar og gefnar út.

Leiðirnar sem notaðar eru í starfinu eru kallaðar verkfæri. Allir starfsmenn beita sömu verkfærum sem innleidd og endurtekin eru á hverju ári samkvæmt innleiðingaráætlun. Flest verkfæranna eru notuð daglega og til að gefa dæmi má nefna barnafundi, lausnahjól, boð um val/kosti og rútínur

Fimm viðmið jákvæðs aga

1. Hjálpar börnum að finna að þau skipta máli, að þau tilheyra og að þau eru mikilvæg.
2. Sýnir á sama tíma góðvild og festu. Kennarar sýna væntumþykju og hlýju í verki og á sama tíma gæta þeir þess að meina það sem þeir segja og segja bara það sem þeir geta staðið við.
3. Ber árangur þegar til lengri tíma er litið. Hefur jákvæð áhrif á hugsun, tilfinningar, nám og ábyrgar ákvarðanir.
4. Kennir mikilvæga félagsfærni og lífsleikni; virðingu, umhyggju fyrir öðrum, lausnamiðun, samvinnu og þátttöku í litlu samfélagi sem stóru (heimili, skóli, bærinn, borgin).
5. Hjálpar börnum að uppgötva hversu hæf þau eru, eflir vald þeirra og sjálfstæði á uppbyggjandi hátt.

John Dewey (1859-1952)

John Dewey var bandarískur heimspekingur og mikilsvirtur rithöfundur. Uppeldiskenningar hans eru mikið notaðar í leikskólum á Íslandi og víðar í heiminum.

Dewey taldi að barnið ætti og myndi læra mest af eigin áhuga, virkni og reynslu en persónuleg reynsla er forsenda fyrir skilningi á umhverfinu. Barnið er í vissum skilningi aðalatriðið í skólanum en ekki endilega sem einstaklingur heldur sem hluti af hópi sem vinnur saman að verkefnum undir handleiðslu kennara. Að mati Dewey menntast fólk við það að vinna saman. Til þess að vera virkur í samfélaginu er nauðsynlegt að hver og einn leggi sitt af mörkum. Mikilvægi menntunar felst meðal annars í að hver einstaklingur læri að vera samábyrgur. Börn eiga að vera þátttakendur í að móta eigin veröld, þar sem rödd þeirra fær að hljóma og á hana sé hlustað. Hann lagði áherslu á samræður og samverur sem byggja á félagslegri eðlishvöt, áhuga á að rannsaka og uppgötva, áhuga á að framkvæma og áhuga á listrænni tjáningu. Leikurinn er mikilvægur en hann er leið til menntunar og þroska enda börnin virkir og skapandi þátttakendur þar sem þau læra af reynslu en ekki kennslu.

Dewey sá fyrir sér skóla þar sem frelsi og athafnagleði ríkti. Þar sem börn gætu sjálf myndað vinnuhópa og gert áætlanir. Þar sem starfsfólk aðstoðaði og leiðbeindi börnunum í þekkingarleit þeirra. Dewey sagði að lang mikilvægasta viðhorfið sem myndast getur er löngun til að halda áfram að læra. Samkvæmt honum bera kennarar ábyrgð á að umhverfið sé hvetjandi, örvandi og skipulagt með fjölbreyttum efniviði.

Einkunnarorð framfarastefnunar eru orð John's Dewey „Learning by doing“ en þau þýða í rauninni að börn læra af reynslu en ekki kennslu. Þegar upp er staðið er það reynsla sem mótar viðhorf barna og hefur áhrif á hvernig þau bregðast við bæði í augnablikinu sem og í framtíðinni. Uppeldisumhverfið á að örva stígbundna þróun barnsins frá þroskastigi til þroskastigs með hæfilega erfiðum viðfangsefnum en viðfangsefni og vandamál barnsins örva hugsun þess. Hann lagði einnig ríka áherslu á tengsl barnsins við samfélagið eða tengsl skólans og samfélagsins. Hann trúði á mikilvægi tengsla og samfellu í menntun og taldi það vera mikilvægara en námsgreinabundna kennslu. Hann taldi athafnabundið nám vera leið til þess að tengja barnið við veröldina. Í lýðræðissamfélögum hefur fólk daglega tækifæri á þýðingamiklu vali. Þetta frelsi til að velja er það sem gefur einstaklingum tilfinningu fyrir því að þeir búi yfir valdi. Aðrir hafa bent á mikilvægi þess að einstaklingar telji sig hafa vald á daglegum aðstæðum sínum og áhrif þess á líðan þeirra.

Skólanámskrá Grænuvalla

Starfsfólk leikskólans kom að gerð skólanámskrárinnar en hún byggir á endurmati fyrri skólanámskrár og uppfærðum áherslum í starfinu. Foreldrar fengu tækifæri til að hafa áhrif á námskránna og foreldraráð las hana yfir þegar hún var tilbúin. Börnin á Grænuvöllum ræddu einnig leikskólastarfið á barnafundum og fengu að koma með hugmyndir að námskránni.

Gildi leikskólans

Virðing

- Mikilvægt er að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfinu, efniviði og náttúrunni.
- Kennarar á Grænuvöllum bera virðingu fyrir börnum og samstarfsfólki.
- Allir í leikskólanum bera virðingu fyrir starfinu, agastefnunni, leiknum og námstækifærunum.
- Kennarar mæta börnum með góðvild, vinsemd og festu. Haldnir eru barnafundir þar sem vandamál eru leyst og börn fá tækifæri á að koma sínum málefnum á framfæri. Á barnafundum gera kennarar og börn saman sáttmála um starfið svo allt gangi sem best í leikskólanum.

Vinátta

- Á Grænuvöllum skipta allir máli og hafa hlutverk. Allir fá tækifæri og borin er virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- Á Grænuvöllum vinna allir saman, eru lausnamiðaðir og hjálpast að.
- Áhersla er lögð á að mistök eru til að læra af þeim, þau eru fyrirgefin og hlustað er á aðra.
- Á Grænuvöllum velja börnin sér leikefni og leikfélaga og mikil áhersla er lögð á að allir fái að vera með.

Vellíðan

- Á Grænuvöllum er boðið upp á hollt mataræði sem unnið er í samvinnu við Lýðheilsustöð og næringarráðgjafa.
- Öll börn fá tækifæri til að efla hreyfiþroska, auka þol og úthald í leikskólanum.
- Hvíld er mikilvæg fyrir þroska barnsins og því fá öll börn hvíld frá amstri dagsins í leikskólanum.
- Tengslamyndun er mjög mikilvæg fyrir þroska og vellíðan barna. Á Grænuvöllum er lögð mikil áhersla á að öll börn myndi góð og traust tengsl við vini, kennara og foreldra.
- Barn finnur til öryggis þegar það veit hvað er framundan. Á öllum deildum er ákveðinni rútinu fylgt og sjónrænt dagskipulag er sýnilegt til að auðvelda börnum að átta sig á gangi dagsins.
- Góð aðstaða til leiks og starfs er grundvöllur þess að börnum og kennurum líði vel í leikskólanum. Á Grænuvöllum fær hvert barn nægt pláss og auðvelt er að skipta þeim í minni hópa til að skapa meiri ró. Efniviður og leikefni er valið inn á deildir þannig að það henti þroska barnanna sem þar dvelja.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskólum

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta. Á grundvelli markmiða laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið settir fram grunnþættir menntunar.

Sex grunnþættir menntunar

Skólanámskrá Grænuvalla byggir að stóru leyti á sex grunnþáttum menntunar sem birtast í Aðalnámskrá leikskóla. Þessir þættir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér.

Leikurinn

Á Grænuvöllum er mikil áhersla lögð á leikinn enda er hann mikilvægasta náms- og þroskaleið barna og þeirra eðlilegasta tjáningarform. Leikur er börnum eðlislægur og skapar þeim tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, tilfinningar og reynslu og að þróa tengsl við önnur börn. Samhliða leiknum gefast mörg tækifæri til náms í gegn um daglegt starf. Í hreyfileikjum þjálfar börnin hreyfingar og líkamsstjórn, í hlutverkaleikjum læra börn samvinnu, tjáningu og að taka tillit til annarra. Í regluleikjum læra börnin einfaldar samskiptareglur og að virða rétt hinna barnanna. Það er hlutverk kennara að útvega börnum nægan efnivið, rými og tíma til frjálsa leiksins.

Lögð er áhersla á að leikumhverfið sé fjölbreytt og hvetjandi þannig að frjálsi og skapandi leikurinn njóti sín. Gætt er að því að nám- og leikefni hæfi aldri og þroska barnanna og að það sé öruggt. Leikurinn fer fram inni og úti við fjölbreyttar aðstæður. Kennarar fylgjast með, taka þátt og leiðbeina eftir þörfum og eðli leiksins.

Læsi

Í læsi felst þekking og færni barna til að lesa í umhverfi sitt. Í læsi felst einnig leikni barna til að tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir. Læsi er mikilvægur þáttur fyrir hvern einstakling og stuðlar að lýðræði í samfélaginu.

Markmið

Að börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu.
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu auk menningu annarra þjóða.
- Markmið með gerð Læsisstefnu Grænuvalla er m.a. að börn á sama aldri fái sömu læsismenntun óháð deild eða kennurum. Læsisstefnan er verkfæri yfir kennara svo þeir geti verið vissir um að ekkert gleymist og að allir nemendur fái þá menntun sem til er ætlast. Læsisstefnan á að vera aðgengileg og auðlesin fyrir allt starfsfólk skólans svo það geti auðveldlega gengið inn í læsisstarf á hvaða deild sem er.

Lögð er áhersla á góð samskipti, að börnin æfi sig að skiptast á, beri umhyggju hvert fyrir öðru og að einstaklingur læri að vera hluti af hóp. Börn læra að lesa í tilfinningar sínar og annarra. Starfið er gert sýnilegt og myndrænt fyrir nemendur til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi. Dagskipulagið er myndrænt auk þess sem skúffur, hólfi og fleira er merkt með myndum og ritmáli.

Með læsisstefnu Grænuvalla er unnið markvisst að því að auðga orðaforða barnanna og er m.a. stuðst við Orðaforðalista Menntamálastofnunar auk Orðaleiks, sem gefinn er út af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Á öllum deildum eru orðaforðakassar með mismunandi þemum fyrir hvern mánuð og er unnið með þau á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi. Á Grænuvöllum er umhverfið lestrarhvetjandi. Börn hafa auðveldan aðgang að fjölbreyttum skriffærum, pappír og bókum til að skoða og lesa.

Lagt er upp með að börnin verði fær um að lesa í umhverfi sitt, farið er í vettvangsferðir þar sem þau æfa sig að nota augu og eyru þegar farið er yfir götu, skilti og aðrar vísbendingar sem umhverfið gefur okkur eru skoðuð.

Mikið er lagt upp úr lestri og sögum, bæði í litlum hópum og fyrir einstaklinga. Markvisst er unnið með málörvun, stærðfræði, læsi og tilfinningar auk þess sem leikur með stafi, orð og hljóð fær gott pláss í dagskipulaginu.

Sjálfbærni

Sjálfbærni er samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Samfélagsleg sjálfbærni snýst um að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð og tryggja að fjölbreyttum þjóðfélagshópum sé gert jafn hátt undir höfði. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn þrói með sér gagnrýna hugsun. Mikilvægt er að börn skilji hvernig samfélagið er og hefur þróast.

Markmið

Að börn læri:

- að ganga um náttúruna og manngert umhverfi af virðingu.
- að njóta náttúrunnar og komast í tengsl við hana.
- um náttúruna, umhverfið og verndun þess.
- um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og nýtingu þeirra.

Farið er í vettvangsferðir og náttúran og umhverfið notað í kennslu. Mikið er lagt upp úr því að ganga vel um náttúruna, að skilja við hana eins og við komum að henni eða jafnvel betur. Stuðlað er að umhverfisvænni hugsun meðal barnanna með því t.d. að flokka rusl og endurnýta efnivið. Mikið er unnið með verðlausan efnivið og lagt er upp úr að börnin vandi sig að fara vel með allt leikefni. Pappír, eggjabakkar, fernur, dósir og fleira er nýtt í leik og föndur.

Börn á eldri deildum leikskólans fara reglulega í útikennslu og nota þá m.a. fjöruna og útikennslustofu leikskólans í Holti.

Haldið er í þjóðlegar hefðir á Grænuvöllum m.a. með því að halda þorrablot og undirbúa jól og páska.

Börnin læra að fara vel með náttúruna, tína rusl, gefa öndunum og tína ber á haustin.

Grænuvellir eru í samvinnu við Borgarhólsskóla, Tónlistarskólann, FSH, HSN, söfn bæjarins og fleiri stofnanir.



Sköpun

Í sköpun felst að búa til og gera eitthvað nýtt og öðruvísi en viðkomandi hefur gert áður og byggir þannig ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Afrakstur sköpunarverksins skiptir ekki meginmáli, heldur það ferli sem á sér stað. Sköpun fléttast inn í allt starf Grænuvalla.

Markmið

- Að efla sjálfstraust með því að leyfa börnum að skapa og tjá sig eftir þörfum hvers og eins.
- Hjálpa börnum að finna áhugasvið sitt og leyfa þeim að nýta það.
- Læra að umgangast sköpun sína og annarra og bera virðingu fyrir henni.
- Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.
- Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Kanna og vinna með margvíslegan efnivið.
- Nýta fjölbreytta tækni.
- Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum.
- Læra texta og taka þátt í söng.
- Skapa og tjá upplifun sína, s.s í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
- Njóta fjölbreyttrar menningar og lista.
- Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.

Á Grænuvöllum er lögð áhersla á að vinna með opinn, verðlausan efnivið í skapandi vinnu sem býður upp á marga möguleika.

Í útiveru er unnið með náttúru efni s.s. að skapa úr snjó, sandi og öðrum efnivið úr náttúrunni.

Tónlist skipar stóran sess í starfinu á Grænuvöllum. Allir nemendur fá að kynnast hljóðfærum, eldri nemendur í skipulögðum tímum og þau yngri meira í gegnum söng og dans. Sameiginlegar söngstundir eru reglulega í sal auk þess sem skólinn er í samstarfi við Tónlistarskóla Húsavíkur þar sem elstu börnin fara í vikulega tónlistarkennslu

Í frjálsa leiknum fær ímyndunarafl og hugmyndaflug nemenda að njóta sín. Þau vinna með fjölbreyttan opinn efnivið og leikefni svo sem kubba og föndurefni. Könnunarleikur er á yngstu deildum þar sem leikið er með verðlaust efni.

Börnin hafa aðgang að litum, blöðum og öðrum efniviði til sköpunar í listasmiðjum á deildum.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði felur í sér andlega, líkamlega og félagslega vellíðan. Leggja þarf áherslu á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Taka þarf mið af einstaklingsbundnum þörfum nemendanna og gæta þess að allir fái notið styrkleika sinna til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Markmið:

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- Umhyggju.
- Persónulega umhirðu.
- Holla næringu.
- Fjölbreytta hreyfingu.
- Ögrandi og krefjandi útvíst.
- Slökun og hvíld.
- Tilfinningalegt jafnvægi.
- Jákvæð samskipti.
- Félagsleg tengsl.

Á Grænuvöllum er lögð er áhersla á hreyfingu s.s. daglega útiveru, gönguferðir, frjálsan leik og hreyfistundir í salnum.

Allir nemendur fara reglulega í útikennslu. Eldri árgangar fara markvisst í Holt og fjöruna og borða hádegisverðinn jafnvel úti. Í gönguferðum yngri deilda er lögð áhersla á náttúruskoðun og að veita umhverfinu sérstaka athygli. Nærumhverfi leikskólans er vel nýtt til náms og leikja.

Boðið er upp á hollan mat sem eldaður er frá grunni í skólaeldhúsi Norðurþings. Börnin fá grænmeti og ávexti á hverjum degi og lýsi með morgunmatnum. Matseðlar eru unnir í samstarfi við næringarráðgjafa og Lýðheilsustöð.

Á öllum deildum er lög áhersla á næði frá amstri dagsins. Eftir hádegið er hvíldarstund þar sem yngri börnin sofna í vögnum eða á dýnu inni á deild en eldri börnunum er boðið upp á rólega stund í róandi umhverfi með tónlist eða sögu, farið er í jóga, bækur skoðaðar eða farið rólega leiki.

Lögð er áhersla á að efla og styðja sjálfsmynd nemenda og stuðla að andlegu og líkamlegu öryggi. Þeim er kennt að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin hegðun, en það læra þau m.a. með jákvæðum aga.

Líkamleg umhirða er mikilvæg í leikskólanum eins og annars staðar. Börnin læra að þvo sér reglulega um hendur og andlit m.a. alltaf fyrir matartíma og eftir klósettferðir/bleiuskipti.



Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Lýðræði byggir á gagnrýninni hugsun og virkri þátttöku í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Í lýðræðislegu samfélagi er tekið mið af mannréttindum og virðingu fyrir einstaklingum. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er mikilvægt í lýðræðis- og mannréttindamenntun. Í starfsháttum skólanna skal taka mið af þörfum einstaklings, áhuga hans og sjálfsábyrgð. Börn læra um lýðræði í lýðræði.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi.

Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, kynþáttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis.

Áhersla er lögð á að allir eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika.

Markmið:

- Að börn taki virkan þátt í samræðum um almenn málefni.
- Að börn og kennarar hlusti hvert á annað og skiptist á skoðunum.
- Að börn beri ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
- Að börn og kennarar vinni saman og aðstoði hvert annað.
- Að börn hafi val um verkefni og vinnubrögð.
- Að börn, kennarar og foreldrar hafi áhrif á leikskólastarfið.
- Að kennarar og foreldrar eigi góð og gagnleg samskipti.

Á Grænuvöllum taka nemendur þátt í daglegu starfi leikskólans og hafa áhrif á starfið allt eftir þroska og getu hvers og eins. Meðal annars eru þjórnar sem leggja á borð og sækja matinn og veðurfræðingar sem gá til veðurs og velja útfatnað við hæfi. Nemendur hafa val um leiksvæði og leikefni, mismikið eftir aldri og þroska.

Börnin læra að taka tillit til annara og virða skoðanir þeirra. Að allir hafi sama rétt í þjóðfélaginu. Á Grænuvöllum eru allir jafnir óháð kyni, kynþætti, aldri, þjóðerni, trú, fötlun og kynhneigð. Allir eru frábærir eins og þeir eru.

Börn fara á barnafundi og læra þar að koma skoðunum sínum á framfæri á lýðræðislegan hátt.

Börn og kennarar vanda sig að bera virðingu fyrir umhverfinu og lífríkinu m.a. með því að tína rusl sem ekki á heima á jörðinni.

Áhersla er lögð á vináttu, hjálpssemi, góðvild og virðingu í samverustundum, umræðum, söng og leik.

Unnið er með jafnrétti með því að hlusta á og viðurkenna hvert annað.

Mat á námi og velferð barna

Tilgangur mats á skólastarfi er til að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið er gert til að efla hvert barn og veita því nám sem hentar því best. Markmiðið er að auka þekkingu og skilning kennara og foreldra á þroska barnsins, námi og líðan.

Á Grænuvöllum eru notaðar fjórar skimanir sem lagðar eru fyrir öll börn í leikskólanum og er stórt hlutfall kennara með réttindi til að leggja þær fyrir. Skimanirnar eru því í langflestum tilvikum lagðar fyrir af kennurum sem börnin þekkjast vel.

Efi -2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári. Hún er lögð fyrir þegar börnin eru sem næst þriggja og hálfis árs aldri. Með Efi- 2 er einkum verið að leita að börnum með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta úr með snemmtækri íhlutun. Börn sem koma út í slakri og mjög slakri getu – 0-25 stig í tjáningu og 0-13 stig í skilningi fara í athugun til sérkennslustjóra og í framhaldi af því fá þau auka málörvun hjá sérkennsluteymi eða tilvísun til utanaðkomandi sérfræðinga, t.d. talmeinafræðinga og háls-, nef og eyrnalækna.

TRAS er skimun til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Henni er skipt niður í aldursflokka tveggja til þriggja, þriggja til fjögurra, fjögurra til fimm og er skimunin lögð fyrir þegar börnin eru tveggja og hálfis, þriggja og hálfis og fjögurra og hálfis árs gömul. Ef barn hefur ekki náð öllum viðmiðum um fjögurra og hálfis árs aldur er farin ein lokayfirferð á síðasta ári þeirra í leikskóla.

MÍÓ er skimun sem hjálpar kennurum að átta sig á stærðfræðifærni barna. Hún er lögð fyrir börn á sama hátt og Tras, einu sinni á ári þegar barnið er sem næst hálfnað með hvert aldursár.

HLJÓM 2 er skimun sem metur mál- og hljóðkerfisvitund barna. Hún er lögð fyrir á síðasta ári þeirra í leikskóla, fyrst í september og aftur í janúar fyrir þau börn sem ekki náðu viðmiðum í fyrri skimuninni. Hljóm 2 hjálpar til við að finna þau börn sem eiga í hættu á erfiðleikum með lestur síðar meir. Slakur árangur í HLJÓM gefur vísbendingu til mögulegrar lesblindu.

Allar skimanirnar gefa vísbendingar um námslega stöðu barna og að sama skapi auka þær tækifæri kennara á að bregðast við og vinna með þá þætti sem mælast slakir.

Einu sinni til tvisvar á ári gera kennarar samantektir um hvert barn fyrir **foreldrasamtöl** þar sem koma fram styrkleikar, veikleikar og áhugasvið barnanna. Þær samantektir fara bæði til foreldra og í persónumöppur barnanna.

Skólapúlsinn er lagður fyrir á hverju ári. Annað hvert ár svara foreldrar púlsinum og hitt hvert árið svara kennarar og aðrir starfsmenn leikskólans.

Börnin meta starfið einnig reglulega með **tíglamati** þar sem þau raða myndum af starfi og viðfangsefnum leikskólans í tígul eftir áhuga, það skemmtilegasta efst og neðst er það sem minnstur áhugi er á. Börnin meta einnig tilfinningar og líðan á barnafundum og nota verkfæri eins og tilfinningakrúkkur, tilfinningahjól og tilfinningahitamæla og að hafa heilann í hendi sér.

Kennarar gera reglulega **tengslakönnun** þar sem þeir skrá hversu góð tengsl þeir eiga við hvert barn á deildinni. Kennarar hveirar deildar fyrir sig fara svo yfir kannanirnar saman og vinna í því ef einhver börn eru í minni tengslum við kennara en önnur börn.

Jákvæður agi er metinn mánaðarlega á deildarfundum og læsisstefnan einu sinni á ári að vori.

Símat og stöðug þróun á starfinu fer fram á á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og teymisfundum.

Innra mat

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólustarfs. Í skólanum er starfrækt gæðaráð sem sér til þess að farið sé í alla þætti innra mats reglulega. Matsþættir innra mats eru; innra mat, foreldrasamstarf, stjórnun, leikskólabragur, uppeldis- og menntastarf og skólastefna. Einn til tveir þættir eru metnir á hverju skólaári og eru gátlistar um innra og ytra mat á gæðum leikskólustarfs, gefið út af Reykjavíkurborg notað til viðmiðunar. Á vorin er gefnar út skýrslur innra mats og má nálgast þær á vefsíðu leikskólans.

Ytra mat

Fjölskylduráð ber ábyrgð á að skólustarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneyti sér um ytra mat leikskóla og tók síðast út starfsemi Grænuvalla árið 2012 en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Skýrsluna má finna á [vef stjórnarráðsins](#)

Tengsl skólastiga.

Í aðalnámskrá segir að leikskólabörn eigi að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst og að ef flutningur barna milli skólastiga eigi að vera farsæll þurfi að undirbúa hann vel.

Grænuvellir og Borgarhólsskóli eru í góðu samstarfi. Á vorönn kemur 1. bekkur í heimsókn í leikskólann og leikskólakrakkarnir heimsækja grunnskólann. Einnig er vorskóli í maí en þá fer skólahópur í skólann í þrjú skipti, hittir verðandi kennara sína, skoðar skólann og æfir sig í að vera í skólanum. Leikskólabörnunum er líka reglulega boðið á leiksýningar og á sal í skólanum svo eitthvað sé nefnt.

Á vorin eru haldnir skilafundir þar sem deildarstjórar leikskólans, umsjónakennarar í 1. bekk og sérkennslustjórar skólanna hittast og niðurstöðum úr skimunum er skilað og rætt um getu og líðan barnanna sem eru að byrja í grunnskóla.

Viðauki 1

Hugmyndir að vinnu með grunnþættina

Læsi

- Samverustundir þar sem Læsisstefna Grænuvalla er notuð – orðakassar og þemu
- Stafir sýnilegir
- Stafir barnanna sýnilegir og nöfnin þeirra tengd við þá
- Vísur og þulur
- Söngstundir
- Barnafundir
- Mikilvægt er að taka hlýlega á móti börnunum og leggja áherslu á að þau heilsa og kveðji í upphafi og lok dags

Tilfinningalæsi

- nota spegla svo börnin geti velt fyrir sér hvernig tilfinningar sjást í andlitum.
- Nota tilfinningahjólíð og tilfinningakrukkur.

Tjáskipti

- Eiga góð samskipti og setja orð á allar athafnir við matarborðið, fataklefa, skiptiborði o.s.frv.
- Lausnaleit þegar ágreiningur kemur upp
- Nota lausnarhjólíð og læra þannig m.a. að skiptast á.
- Gera sáttmála og fara eftir þeim

Umhverfislæsi

- Útikennsla
- Hvalaskólinn
- Listaverkefni
- Umræða um umhverfið, veðrið, klæðnað og ýmist hugtök tengd umhverfinu
- J.A. hlutverk, s.s. veðurstjóri.

Hvíld

- Hlusta á sögur
- Læra að slaka á – tilfinningalæsi
- Skapa róandi aðstæður – umhverfislæsi

Sköpun

- Lita og teikna, mála, klippa, líma og skapa.
- Myndir barnanna eru hengdar upp á vegg til sýnis. Þannig fá þau viðurkenningu á verkum sínum.
- Hafa leir reglulega í boði, heimatilbúinn, verksmiðjuframleiddur og jarðleir fyrir mismunandi áferð og eiginleika. Börnin fá að kanna leirinn einan og sér og með fjölbreyttum áhöldum og efnivið.
- Verðlaus efniviður í frjálsa leiknum. Nota verðlausan efnivið og leikföng saman í leiknum.
- Fjölbreyttur efniviður með eininga- og holukubbum.
- Lita snjóinn með því að sprejja lituðu vatni á hann.
- Nota útiefnivið inni og inniefnivið úti. Fara með málningu út og koma með snjóinn inn.
 - Lituð hrísgrjón
 - Steinar
 - Möl
 - Sandur
 - Skeljar
 - Allskonar efniviður og áferðir.
- Börnin hlusta á sögur og færa sögurnar svo yfir í leikinn.
- Á vorsýningu leikskólans sýna leikskólabörnin afrakstur vetrarins og bjóða fjölskyldum sínum.
- Elstu börnin fara í Hvalaskólann á vorin þar sem þau fræðast um hvali og útbúa sýna eigin hvali og sýna.
- Fyrir jólin skera börnin út mynstur í laufabrauð, búa til fjölbreytt jólaföndur og læra um jólasveinana.
- Á 112 daginn þegar börnin fá að skoða tækjakost viðbragðsaðila hafa þau búið til myndir tengdar deginum og fært þeim sem hafa komið og sýnt þeim tækin.
- Á litadögum koma börnin í ákveðnum lit og gera listaverk í litnum.
- Hreyfisöngvar. Börn læra dansa og að dansa í takt við tónlistina.
- Börnum er boðið upp á leiksýningar, hér í leikskólanum, í samkomuhúsinu og grunnskólanum.
- Einu sinni í mánuði er sameiginlegur söngsalur þar sem hver deild setur upp sýningu og býður hinum að koma og sjá. Börnin fá að njóta sín í leikrænni tjáningu.
- Tónlist og markvissir tónlistartímar með hljóðfærum.
- Bjóða börnum hljóðfæri til að leika með í frjálsum leik og söngstundum
- Fjölbreyttari efnivið úti-útileikföng sem eru alltaf úti, t.d. trjábólir, hamrar og naglar, dýr, girðingar úr spýtum, mála akbrautir á fjalir, hólkar og verðlaus efniviður. Drullubú með alls konar áhöldum. Eldhúsaðstaða úr brettum keflum og fleiru.
- Mála þrautabrautir og skemmtilega leiki á stéttina
- Vatnslitir og fleira til að mála á stéttarnar
- Klifurgrind, fleiri og fjölbreyttari tæki á útileiksvæði

Heilbrigði og velferð

Leikur:

- Fjölbreyttur efniviður, mismunandi áferðir.
- Á yngri deildum kynnast börnin ólíkum efnivið, s.s. málningu, laufblöðum og vatni en á eldri deildum fá börnin frjálsum aðgang að efniviðnum. Í salnum fá þau tækifæri til að skapa sinn eigin leik, þrautabrautir og leiki sem styðja við marga þætti. Á yngri deildum finna kennarar til efniviðinn fyrir börnin og þau fá frjálsum hendur til að leika með hann.
- Lögð er áhersla á góð samskipti í leiknum og börnum er kennt að skiptast á og deila.
- Í frjálsum og skipulögðum leik er lögð mikil áhersla á bæði fín- og grófhreyfingar.

Líkamleg umhirða

- Rætt er um hreinlæti. Á yngri deildum þvo börnin sér um hendur eftir bleiuskipti og fyrir og eftir mat. Á eldri deildum þvo þau sér um hendurnar þegar þau koma í leikskólann, eftir salernisferðir og fyrir mat. Mikið er rætt um hreinlæti og sýklavarnir.
- Sópstjórar, tuskustjórar og borðstjórar taka þátt í að taka til og halda deildinni snyrtilegri.

Útivera og vettvangsferðir

- Börnin fara út flesta daga í öllum veðrum. Á eldri deildum eru veðurstjórar/veðurfræðingar sem athuga veðrið og taka út frá því ákvörðun um hvaða útiföt er skynsamlegt fyrir börnin að fara í.
- Börnin fara mjög reglulega í vettvangsferðir. Yngri hóparnir fara í göngutúra þar sem lögð er áhersla á að veita umhverfinu athygli. Eldri hóparnir fara í Holt og fjöruna til skiptis og eru unnin þemaverkefni út frá þeim.
- Nemendur nota öll skynfæri sín með því að tengja viðfangsefnið samhliða hreyfipjálfun. Þau þekkja, skilja, virða náttúruna og næsta umhverfi sitt.
- Markmið yngstu deilda er í raun þjálfun í að vera í útifötum og kynnast allskonar veðrum, m.a. að læra að anda úti í vindi og ganga á mismunandi undirlagi.

Samverustundir og hópastarf

- Börnunum er skipt niður í minni hópa þar sem unnið er með tilfinningar, jákvæð og heilbrigð samskipti, söng og tölur t.d.
- Eldri börn fara á barnafundi, læra jákvæð samskipti og sjálfsöryggi. Ýmis verkfæri eru notuð sem auka sjálfstraust barnanna til að tjá sig. Einnig fara eldri börn í slökun, jóga, hugleiðslu og hugarfrelsi.

Matartími

- Á eldri deildum skammta börnin sér sjálf, nota hnífapör og hella sjálf í glas. Tekið er til fyrir matartímamann svo umhverfið verði rólegra og notalegra. Börnin fá sinn tíma til að borða en þó innan ákveðinna marka og læra þannig að bera virðingu fyrir tíma annarra.
- Orð lögð á allan mat og aðrar athafnir við matarborðið. Talað er um hvaðan maturinn kemur og eins um matarsóun.

Svefn og hvíld

- Á öllum deildum er lög áhersla á næði frá amstri dagsins. Eftir hádegið er hvíldarstund þar sem yngri börnin sofna í vögnum eða á dýnu inni á deild en eldri börnunum er boðið upp á rólega stund í róandi umhverfi með tónlist eða sögu, farið er í jóga, bækur skoðaðar eða farið rólega leiki.

Lýðræði og mannréttindi

Leikur

- Börnin hafa val um viðfangsefni
- Hvetja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi leikinn.
- Þau læra að eiga í samskiptum við jafnaldra sína og að bera virðingu fyrir leikföngum leikskólans.

Líkamleg umhirða.

- Börnin læra að þvo sér sjálf
- Fá hvatningu til sjálfshjálpar við líkamlega umhirðu en fá aðstoð ef þau þurfa.

Útivera

- Læra umferðarreglurnar

Samverustundir/hópastarf/barnafundir

- Þau þurfa að bíða og taka tillit til hvers annars.

Matartímar

- Börnin hjálpa til við að ná í smekki og tuskur
- Hjálpa til við að þrifa eftir matinn.
- Ganga þau sjálf frá diskum, glösum og hnífapörum eftir matinn hafi þau aldur og þroska til þess.

Kennarar eru fyrirmyndir barnanna. Við verðum að passa að bera virðingu fyrir öðru starfsfólki, þannig læra börnin að bera virðingu fyrir öðrum.